

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1998

Nr. 38

148

11. maí 1998

LÖG

um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, gilda ekki um úthlutun veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum.

2. gr.

Á árunum 1998, 1999 og 2000 skulu eftirfarandi reglur gilda um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum:

- a. Allar veiðar eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita þeim skipum leyfi til síldveiði sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands.
- b. Skipta skal a.m.k. 90% af þeim árlegu heildarveiðiheimildum sem í hlut Íslands koma milli þeirra skipa sem veiðar stunduðu úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1995, 1996 og 1997 eða komið hafa í þeirra stað, þannig að 60% sé skipt milli þeirra miðað við burðargetu þeirra en 40% skal skipt jafnt. Allt að 10% af árlegum heildarveiðiheimildum skal skipt milli annarra skipa á grundvelli reglna sem ráðherra setur, þó þannig að aldrei komi meira magn í hlut hvers skips en sem nemur 25% af meðaltalsaflahámarki skv. 1. málsl. þessa stafliðar.
- c. Innan hvers árs er heimilt að framselja ákveðinn hluta árlegs aflahámarks hvers skips miðað við aflareynslu þess við veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á þremur síðustu vertíðum og leyfilegan heildarafla hvers árs. Skal það magn, sem heimilt er að framselja, nema 50% af sama hlutfalli heildarveiðiheimilda og nam hlutdeild sama skips í heildarafla síðustu þriggja síldarvertíða.
- d. Sjávarútvegsráðherra skal setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Getur ráðherra m.a. ákveðið að sérstakar reglur skuli gilda um úthlutun á takmörkuðu aflamagni sem íslenskum skipum er heimilt að veiða innan lögsögu annarra. Þá getur ráðherra ákveðið að endurúthluta skuli afla eftir tiltekinn tíma sýnist það nauðsynlegt til að fullnýta leyfðan heildarafla íslenskra skipa.

- e. Að öðru leyti gilda á þessu tímabili ákvæði laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 11. maí 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

27. apríl 1998

Nr. 39

LÖG

um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Skilgreiningar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Evrá: Gjaldmiðil þeirra ríkja Evrópusambandsins (ESB) sem taka upp sameiginlegan gjaldmiðil í samræmi við sáttmála ESB, sem undirritaður var 7. febrúar 1992.

EMU: Efnahags- og myntbandalag Evrópu.

Eka: Evrópureikningseiningu (European Currency Unit, ECU) sem myndar myntkörfu sem um er fjallað í reglum ESB nr. 3320/94 og í gildi er þegar evran verður tekin upp sem gjaldmiðill þátttökuríkja í EMU.

Eka sem vísað er til í samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi og skilgreind er á sama hátt og segir í 1. mgr. skal metin sem ein eka á móti einni evru. Sé vísað til eku í samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi án þess að eka sé skilgreind á þann hátt sem greinir í 1. mgr. skal líta svo á að um eku í skilningi 1. mgr. sé að ræða, nema sýnt sé fram á að annað hafi vakað fyrir aðilum að slíkum samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi.

Áframhaldandi gildi samninga.

2. gr.

Sé greiðsluskylda samkvæmt samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi í gjaldmiðli sem ekki verður lengur til sem sjálfstæður gjaldmiðill við tilkomu evrunnar skal evra koma í stað þess gjaldmiðils samkvæmt því hlutfalli sem ákveðið er í reglum ESB að gilda skuli.

Sé greiðsluskylda samkvæmt samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi í eku mun ein evra koma í stað einnar eku samkvæmt reglum ESB.